



Samgönguáætlun

2005-2008

Ísland er sannarlega samfélag með lífsgæði eins og best þekkt í heiminum. Við erum á miðju blómaskeiði, hagvöxtur í landinu hefur verið mikill og er nú með því mesta í okkar heimshluta. Staða samfélagsins nú endurspeglar atorku landsmanna við að byggja upp og bæta innviði þess. Mikill uppgangur einkennir flesta geira samfélagsins og framtíðarhorfur eru góðar. Í víðum skilningi má segja að gott samgöngukerfi í öllum landshlutum sé afgerandi til að hægt sé að viðhalda velferð og verðmætasköpun í landinu öllu. Unnið er að uppbyggingu og rekstri samgöngukerfis sem uppfyllir lágmarksþarfir allra þjóðfélagshópa og byggir upp þjóðhagslega hagkvæmni fyrir landið í heild.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 endurspeglar vilja stjórnvalda til að byggja upp skilvirkt samgöngunet sem fellur að þörfum fólks og fyrirtækja.

Samgönguráð



Samgönguráðuneytið



Flugmálastjórn



SÍGLINGASTOFNUN




VEGAGERÐIN



Hámarksferðatími til og frá Reykjavík

3½ klst.



Það tekur minna en þrjár og hálf klukkustund að fara frá höfuðborgarsvæðinu á skyggðu reitina, ýmist með bíl eða með flugvél frá Reykjavíkflugvelli og bíl frá landsbyggðarflugvelli. (Ekki er tekið tillit til hálandisslóða).

Markmið og leiðir

Árið 2003 var í fyrsta sinn birt stefna í samgöngumálum til tólf ára og hún síðan mörkuð frekar í áætlunum til fjögurra ára. Vorið 2005 samþykkti Alþingi aðra samgönguáætlun af þremur fyrir tímabilið 2005-2008.

Í heiðri eru höfð fjögur meginmarkmið samgönguyfirvalda um öruggar, umhverfissvænar, greiðar og hagkvæmar samgöngur. Á tímabilinu verður unnið að eftirfarandi verkefnum sem ætlað er að stuðla að meginmarkmiðum samgönguyfirvalda:

Greiðar samgöngur

1. Farið yfir tilhögun og fjármögnun almenningssamgangna samhliða útboði þeirra.
2. Endurbætt stýring umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin.
3. Tryggt að Ísland hafi fullan aðgang að gervihnattakerfum sem komið verður upp til staðsetningar á sjó, landi og í lofti, svo sem GPS, EGNOS og Galileo.

Hagkvæmi í uppbyggingu og rekstri

1. Unnin úttekt og settar fram tillögur um hvernig nýta megi markaðsöflin við fjármögnun, uppbyggingu og rekstur samgangna.

2. Skoðuð gjaldtaka af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna.
3. Unnið að rannsóknum og þróun á viðmiðum og líkön-um til þess að meta samgöngukerfið.

Umhverfissvænni samgöngur


1. Efldar rannsóknir sem stuðla að umhverfissvænni samgöngum.
2. Skilgreind verði líffræðilega mikilvæg hafsvæði og settar reglur um siglingar.

Öryggi

1. Unnið að sérstakri umferðaröryggisáætlun og framkvæmdaáætlun hennar þar sem markmiðið er að auka öryggi á vegum.
2. Áfram unnið að öflugum rannsóknum sem stuðla að auknu öryggi í samgöngum.
3. Eflt upplýsingastreymi um hvers konar atvik og atburði í almennum samgöngum til þess að auka öryggi.

Samgönguáætlun 2005-2008

Helstu verkefni



0 10 20 30 40 50 km

Mælikvarði 1 : 1 300 000

Vestmannaeyjar
Endurnýjun aðflugshallarjóna og leiftursljóna.
Lagfæring öryggissvæða.
Endurnýjun aðflugs- og leiðsögubúnaðar.



Vestmannaeyjar
Lokið endurbyggingu stálþilja í Friðarhöfn.
Básaskersbryggja endurbyggð.

Rekstur Herjóls
boðinn út.

Grímsey (framkvæmdum lokið).
Endurbygging flugbrautar.
Endurnýjun flugbrautarljósa.
Bygging tækjageymslu.



Grímsey
Styrking grjótvannar og lenging harðviðarbyggju.

Pórshöfn
Endurbygging Löndunarbyggju
og Hafskipabbyggju.

Pórshöfn
Lagfæring öryggissvæða.
Endurnýjun aðflugs- og
flugleiðsögubúnaðar (vararafstöð).

Húsavík
Lokið við stálþil Bökugarðs.
Bryggja Suðurgarði endurbyggð.



Laxá hjá Laxamýri.

Norðausturvegur
(verki lýkur ekki
á þessu tímabili).

Dettifossvegur

Vopnafjörður
Stálþil: Miðbryggja –
Löndunarbyggja. Dýpkun.

ugs- og
aðar.

Akureyri
Kja- og sandgeymsla.
Nýjun flugbrautarljósa.
Nýjun aðflugsbúnaðar.
at á þörf fyrir lengingu
flugbrautar.



Háfnasamlag Norðurlands
Akureyri: Lenging Tangabryggju.
Ísbryggja ÚA endurbyggð.

Norðausturvegur
Hringvegur – Vopnafjörður.
(verki lýkur ekki
á þessu tímabili).

Egilsstaðir
Uppsetning aðflugsljósa að braut 04.
Endaöryggissvæði (RESA).
Endurnýjun aðflugs-,
flugleiðsögu- og veðurbúnaðar.

Fjarðabyggð
Neskaupstaður: Dýpkun,
skjólgarður, lenging Togarabryggju
og Bræðslubryggju.

Hringvegur
um Norðurárdal.
Fjórar einbreiðar bryr
verða lagðar af.

Rangá
hjá Flúðum.

Hringvegur
um Amórstaðamúla.

Fjarðabyggð
Reyðarfjörður:
Lokið byggingu stóriðjuhafnar.
Dráttarbátur.

Fáskrúðsfjarðargöng

Hringvegur
í Hamarsfirði.

Hringvegur
Pvottár- og
Hvalnesskriður.

Hringvegur
um Hornafjarðarljót
(verki lýkur ekki
á þessu tímabili).

Veggöng um
Almannaskarð.


Hornafjörður
Lokið endurbyggingu Krosseyjarbakka.
Bryggja við netagerðar- og vogarhús.
Dýpkun í höfn og á Grynslum.
Sandfangari út í Einholtskletta.

Staðará í Suðursveit

Höfn í Hornafirði
Endurnýjun aðflugs-
og leiðsögubúnaðar
(vararafstöð).

Bik	Tengivegir			Safnvegir			Landsvegir			Samtals		
	Alls	Malbik	%	Alls	Malbik	%	Alls	Malbik	%	Alls	Malbik	%
92	1.089	392	36	553	44	8	971	62	6	3.547	1.355	38
99	90	34	38	32			13	7	54	261	166	64
100	11	8	73	24	1	4	8			115	81	70
77	1.749	174	10	944	11	1	648	3		5.107	1.555	30
74	998	202	20	653	20	3	936	66	7	3.959	1.309	33
81	3.937	810	21	2.206	76	3	2.576	138	5	12.989	4.466	34

- Bundið slitlag á þjóðvegum í árslok 2004
- Þjóðvegir með malarslitlagi
- Framkvæmdakafli
- Framkvæmdakafli; lega óviss
- Breikkun einbreiðra brúa, stærstu verk
- Flugvallarframkvæmdir
- Hafnarframkvæmdir



Grunnnet samgangna

Grunnnetið tekur til 11 áætlunarflugvalla, 33 hafna og um 40% vega (5.200 km). Tilgangurinn með skilgreiningu grunnnetsins er sú megináhersla, að tengja saman byggðakjarna með 100 íbúa eða fleiri.

Á Íslandskortinu til vinstri er yfirlit helstu verkefna sem eru á dagskrá 2005-2008.

Gott aðgengi að vöru og þjónustu er mikilvægt fyrir íbúa og atvinnulíf landsins. Einn liður í að bæta aðgengi er að styrkja flugsamgöngur til nokkurra staða utan grunnnets sem búa við ófullnægjandi samgöngur á

landi. Eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar er að stuðla að styttri ferðatíma til og frá höfuðborgarsvæðinu fyrir alla landsmenn. Bættar vegasamgöngur og um leið stytting ferðatíma á vegakerfinu milli þéttbýlisstaða hafa átt sinn þátt í breyttum flutningum og er afleiðingin m.a. sú að strandsiglingar hafa látið undan síga.

Um 13.000 km af þjóðvegum er skipt upp í fjóra vegflokka og sýnir taflan hlutfall af bundnu slitlagi af heildarlengd vega, skipt eftir kjördæmum.

Höfuðborgarsvæðið

Umtalsverðar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á höfuðborgarsvæðinu á næstu fjórum árum.

Brýnast er að auka afköst gatnakerfisins með sam tengdri tölvustýringu umferðarljósá á helstu umferðargötum. Á kortinu til hægri eru helstu verkefni á höfuð-


borgarsvæðinu og þar sést meðal annars að ráðgert er að hefja hönnun og undirbúning framkvæmda við Sundabraut. Sérstök áhersla verður lögð á þessa framkvæmd.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008

Helstu verkefni á höfuðborgarsvæði

Vegakerfið

- Stofnvegir með bundnu siltlagi
- Stofnvegir með malarsiltlagi
- Tengivegir með bundnu siltlagi
- Tengivegir með malarsiltlagi
- Landsvegir með bundnu siltlagi
- Landsvegir með malarsiltlagi
- Frankvæmdir



Reykjavík, Kjálarnes (utan við kortið)
Sjóvörn Kjálarnesi framman við
Grundarhverfi og Klébergsskóla.

Sundabraut
Hönnun og
undirbúningur.
Fyrirhugað
útbúið 2007.

Seltjarnarnes
Sjóvörn Seltjarnarnesi
við Nesvölu, Steinavör
og á nokkrum stöðum
austan Skejfabrautar.

Reykjavíkflugvöllur
Endurbýgging fluglaðs.
Bygging tækja- og sandgeymslu.
Endurnýjun aðflugsbúnaðar.
Endurnýjun aðflugsljósa.
Samgöngumiðstöð.

Áltanes
Sjóvörn við
Kastanga,
Grund, Akrakot,
Helguvík og Hlíð.

Hafnarfjörður
Sjóvörn við
Hvalayrarhóða.

Krýsuvíkurvegur -
Reykjanesbraut -
Asvellir.



Ferðabjónusta

Ferðabjónustan er sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest á Íslandi undanfarin ár. Hún aflar nú um 13% gjaldeyrstekna þjóðarinnar. Góðar samgöngur eru ein af forsendum þess að greinin geti vaxið og dafnað. Því er brýnt að áherslur þingsályktunar um ferðamál fyrir tímabilið 2006-2015 birtist í samgönguáætlun með áformum um uppbyggingu vega í þjóðgörðum og að friðlýstum svæðum. Umhverfismál hafa á síðustu árum öðlast meira vægi í allri umræðu um samgöngu- og ferðamál en áður og augljóst er að mikil vinna verður lögð í þann málaflokk í nánustu framtíð. Á næstu árum

verður hafist handa við að byggja upp hálendisvegi í grunnneti og bæta samgöngur við staði þar sem eru helstu náttúruperlur landsins.

Gert er ráð fyrir nýrri samgöngu- og þjónustumiðstöð á Reykjavíkurlugvelli sem mun gjörbreyta forsendum fyrir almenningssamgöngum til og frá höfuðborginni. Almenningssamgöngur verða boðnar út á árinu 2005 og fyrirhugað er að endurskoða aftur almenningssamgöngur milli helstu þéttbýlisstaða á tímabilinu eftir samruna sveitarfélaga

Tekjur samgönguáætlunar

	2005 milljónir króna	2006 milljónir króna	2007 milljónir króna	2008 milljónir króna
Flugmál	4.256	4.338	4.362	4.387
Siglingamál	1.877	1.798	1.356	1.256
Vegamál	13.310	12.856	17.203	17.408
Samtals	19.443	18.992	22.921	23.051

Gert er ráð fyrir því að verja rúmlega 80 milljörðum króna til vegamála á tímabilinu 2005-2008. Þar af verður um 17 milljörðum króna varið til flugmála og um 6 milljörðum króna til siglingamála.

Framkvæmdir til vegamála verða mun meiri á síðari

hluta tímabilsins en þeim fyrri, þ.e.a.s. á árunum 2007 og 2008. Ástæðan er sú að frestað er um tvö ár framkvæmdum upp á alls um fjóra milljarða króna vegna þenslu í þjóðfélaginu.

Vissir þú að

- farþegar í áætlunarflugi innanlands voru nærri 400.000 árið 2004?
- árið 1995 voru 30 þungar flugvélar (yfir 5.700 kg) í íslenska flugflotanum en 92 árið 2004?
- árið 1980 voru vegir með bundnu slitlagi á Íslandi 359 km en 2.463 km í lok árs 2004?



Umferðaröryggisáætlun

Sérstök umferðaröryggisáætlun var í fyrsta skipti felld inn í samgönguáætlun tímabilið 2005-2008. Í janúar 2004 tók samgönguráðuneytið við umferðarmálum af dómsmálaráðuneytinu og um vorið hófst endurskoðun á umferðaröryggisáætlun. Það er markmið stjórnvalda að öryggi vegfarenda verði eins og best gerist með öðrum þjóðum. Markmið umferðaröryggisáætlunar endurspeglar áherslu á að fækka dauðsföllum og alvarlega slösuðum í umferð á Íslandi:

- Fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði sambærilegur við það sem lægst gerist í heiminum árið 2016, sem meðaltal 5 ára.
- Látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til 2016.

Áætlað er að verja um 385 milljónum króna árlega til sérstakra umferðaröryggisverkefna eða alls 1.540 milljónum króna á tímabilinu. Að auki fylgir flestum vegaf framkvæmdum aukið umferðaröryggi og má í því sambandi benda á fækkun einbreiðra brúa og endurbyggingu vega.

Ávarp samgönguráðherra

Samræmd samgönguáætlun var samþykkt á vordögum árið 2003 fyrir tímabilið 2003-2006. Í samræmi við lög hefur sú áætlun verið endurskoðuð og afgreidd sem ályktun Alþingis. Það vinnulag, sem löggin um samgönguáætlun kveða á um, hefur vissulega sannað gildi sitt. Samstarf ráðuneytisins, Vegagerðainnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar hefur orðið skilvirkara og eykur hagkvæmni í rekstri jafnt sem í skipulagi framkvæmda. Með endurskoðun samgönguáætlunar fyrir tímabilið 2005-2008 og samþykkt hennar hefur Alþingi ákveðið í annað sinni fjögurra ára áætlun sem felur í sér áform um framkvæmdir og rekstur í siglingamálum, flugmálum og vegagerð. Í fyrri áætlun voru flugöryggismál og öryggismál sjófarenda ríkur þáttur og fer ekki milli mála að unnið hefur verið gott starf á þeim vettvangi.

Að þessu sinni bætist nýr þáttur við þar sem eru umferðaröryggismál. Frá 1. janúar 2004 hefur samgönguráðuneytið farið með umferðaröryggismálin. Umferðarstofa heyrir þar með undir samgönguráðuneytið en heyrði áður undir dómsmálaráðuneytið. Þegar samgönguráðuneytið tók við umferðaröryggismálunum setti ég fram stefnuskrá í tíu liðum sem unnið hefur verið eftir. Yfirskift hennar er „BREYTUM ÞESSU“. Þar er vísað til þess að slysin í umferðinni á þjóðvegum landsins eru með öllu óviðunandi og við verðum að breyta því ástandi sem þar hefur ríkt. Í samgönguáætlun eru sett fram skýr

Við endurskoðun áætlunarinnar voru aðgerðir skoðaðar með hliðsjón af virkni þeirra til fækkunar slysa og lækkunar slysakostnaðar. Aðgerðirnar stuðla að því að draga úr ofsakstri, farþegar og öikumenn noti öryggisbelti og koma í veg fyrir að öikumenn aki undir áhrifum áfengis eða lyfja. Jafnframt er stutt við aðgerðirnar með kynningu og fræðslu, meðal annars í skólum.

Þá miða aðgerðir áætlunarinnar að því að eyða svartblettum eða þekktum slysaströðum og fækka slysum vegna lausagöngu búfjár.

Samgönguráðherra hefur skipað sérstakan samráðshóp undir forystu ráðuneytisins ásamt fulltrúum Umferðarstofu, Vegagerðarinnar og Ríkislögreglustjóra til þess að halda utan um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar. Miðað er við að ráð, skipað ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins, ríkislögreglustjóra, vegamálastjóra og forstjóra Umferðarstofu, beri ábyrgð á framkvæmdinni.



markmið. Öryggisþættir eru í raun meginstef áætlunarinnar. Stærstu einstöku ákvarðanirnar um framkvæmdir, sem samgönguáætlun felur í sér og marka tímamót, eru sýndar á yfirlitskortum sem fylgir hér með til glöggvunar fyrir lesendur þessa bæklingis. Um allt land eru gerðar kröfur um framkvæmdir við samgöngumannvirki. Það er skylda okkar, sem vinnum að samgöngumálum þjóðarinnar, að nýta fjármuni sem best og forgangsraða í þágu öryggismála með það að leiðarljósi að bættar samgöngur verði til þess að styrkja búsetu á landinu öllu.

Næsta verkefni á sviði samgöngumála verður að endurskoða tólf ára áætlunina sem mun þá gilda tímabilið 2007-2018. Það verðuga verkefni bíður nú eftir að Samgönguráð takist á við að undirbúa þá miklu áætlun. Ég vil nota tækifærið og þakka Samgönguráði og þeim embættismönnum sem hafa komið að undirbúningi og gerð samgönguáætlunar og þingmönnum samgöngunefndar Alþingis fyrir vandað verk og gott samstarf. Það er von mín að framfarir á sviði samgöngumála verði þjóðinni til aukinnar hagsældar.

Samgönguráðuneytinu, 24. júní 2005


samgönguráðherra